

## Starfsreglur úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

### 1. Skipun og hlutverk

Samkvæmt grein 5.4 í samþykktum SSNV skipar stjórn SSNV sex fulltrúa í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs til tveggja ára, þar af einn sem formann úthlutunarnefndar, þá skipar stjórn jafnframt tvo varamenn. Formaður SSNV leggur fram tillögu um 10 manns í úthlutunarnefnd sem stjórnin hefur til hliðsjónar. Gæta skal að jöfnustum hlut kynja við skipan úthlutunarnefndar og nefndin sé sett saman af einstaklingum, sem hafa breiða fagþekkingu og bakgrunn innan menningar-, atvinnu- og nýsköpunar, óháð búsetu.

Hlutverk úthlutunarnefndar er yfirferð umsókna um styrki til Uppbyggingarsjóðs og val á verkefnum, á grundvelli faglegs mats, sem styrkt verða í samræmi við Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Við úthlutun styrkja skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum.

Hæfi nefndarmanna við úthlutun styrkja miðast við grein 2.3 í samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029.

Tveir varamenn eru í úthlutunarnefnd. Ef fulltrúi nefndarinnar forfallast eða getur ekki sinnt starfi sínu er varamaður kallaður til.

Nefndin nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu, sbr. úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs. Starfsmenn landshlutasamtaka eða skyldra aðila geta ekki setið í úthlutunarnefnd.

Hlutverk úthlutunarnefndar er eftirfarandi:

- a) Nefndin auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins að fengnu samþykki stjórnar SSNV.
- b) Umsóknum er skipt á milli fulltrúa nefndarinnar. Aldrei færri en tveir fulltrúar skulu meta hverja umsókn.
- c) Nefndin fer eftir ákvæðum gildandi samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra, markmiðum og áherslum gildandi Sóknaráætlunar landshlutans og úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.
- d) Nefndin tekur ákvörðun um þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats.
- e) Nefndin skal gæta þess að úthlutanir séu innan þess fjárhagsramma sem stjórn SSNV hefur samþykkt.
- f) Nefndin skal árlega endurskoða úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðsins og leggja breytingatillögur fyrir stjórn SSNV til samþykktar, telji nefndin þörf á breytingum.
- g) Nefndin skal árlega skila greinargerð til ársþings SSNV um starf sitt.

## 2. Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Fundir úthlutunarnefndar eru lögmætir ef meirihluti nefndarinnar, að formanni meðtöldum, sækir fund. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

Fundargerð úthlutunarnefndar skal vera rafræn. Fundargerð skal send stjórn SSNV til kynningar.

## 3. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir þagmælsku og trúnaði um umsóknir og verkefni og önnur þau atriði er leynt skulu fara. Þagnarskylda helst þótt hætt sé þátttöku í úthlutunarnefndinni.

## 4. Endurskipun

Forfallist aðal- og varamenn eða þeir geti einhverra hluta vegna ekki sinnt starfi sínu skal stjórn SSNV skipa nýja aðal- og/eða varamenn.

## 5. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar af stjórn SSNV eftir því sem þurfa þykir.

**Samþykkt á fundi stjórnar mánudaginn 3. nóvember 2025.**